

Fréttabréf Síðuskóla

4. bréf - nóvember - skólaárið 2021-2022

Kæru foreldrar, nemendur og starfsfólk!

Nú kveðjum við bleikan október, höldum áfram inn í skólaárið og verður ýmislegt um að vera hjá okkur í þessum mánuði sem og öðrum. Það sem hæst ber hjá okkur er árshátíð skólans sem verður dagana 18. og 19.



nóvember. Æfingar eru komnar á fullt og má með sanni segja að framundan sé erilsamur tími en vissulega skemmtilegur. Hér neðar í bréfinu má sjá hvernig skipulagið verður og að sjálfsögðu hittumst við öll í hátíðarskapi þessa daga. Við vonum svo sannarlega að þetta gangi allt upp hjá okkur en það er í þessu eins og svo mörgu öðru þessa dagana að þá verðum við að færa til og breyta eftir stöðunni í samfélaginu. Við viljum ítreka það að við erum að vinna þrjá daga á tveimur þessa árshátíðardaga og tveir af þeim eru skertir nemendadagar. Nemendur mæta því á óhefðbundnum tímum í skólann. Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember og á þeim degi munum við setja Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk og einnig Litlu upplestrarkeppnina í 4. bekk.

Við hvetjum alla til að ganga í skólann og nota endurskinsmerki. Ef nauðsynlegt er að keyra börnin í skólann þá biðjum við ykkur að fara á neðra hringtorgið. Þar komast nemendur inn á skólalóðina og geta gengið inn í sínar forstofur.

Með bestu kveðju úr skólanum!

Ólöf, Malli og Helga

Árshátíð - skipulag

Það styttest í árshátíð Síðuskóla og hér kemur skipulag fyrir árshátíðina sem verður haldin fimmtudaginn 18. nóvember og föstudaginn 19. nóvember. Nemendur í 10. bekk verða í aðalhlutverki með árshátíðaratriði sitt sem er leikritið Óvitar.

1.-4. bekkur	Fimmtudagur: Nemendur mæta í skólann kl. 8:10. Skóla lýkur kl. 14 hjá 1. og 2. bekk, þeir sem eru í frístund fara þangað en aðrir heim. Skóla lýkur kl. 16 hjá 3.-4. bekk. Foreldrasýning 1.-2. bekkur kl. 13-14. Foreldrasýning 3.-4. bekkur kl. 15-16. Vöflukaffi að loknum foreldrasýningum, fjáröflun 10. bekkjar. Föstudagur: Nemendur mæta í heimastofur kl. 9:15. Árshátíð fyrir 1.-4 bekk kl. 9:30-12:00. Ball og sjoppa (fjáröflun hjá 10. bekk). Frístund opin kl. 8-9.15 og 12-16:15.
5.-7. bekkur	Fimmtudagur: Nemendur mæta í skólann kl. 8:10. Skóla lýkur kl. 12, matur milli 11 og 12. Árshátíð fyrir 5.-7. bekk kl. 19-21:30. Ball og sjoppa (fjáröflun hjá 10. bekk). Föstudagur Foreldrasýning 5.-6. bekkur kl. 13-14. Foreldrasýning 7.-10. bekkur kl. 15-16. Vöflukaffi að loknum foreldrasýningum, fjáröflun 10. bekkjar.
8.-10. bekkur	Fimmtudagur: Nemendur mæta í skólann kl. 8:10. Skóla lýkur kl. 12, matur milli 11 og 12. Föstudagur: Foreldrasýning 7.-10. bekkur kl. 15-16. Vöflukaffi að loknum foreldrasýningum, fjáröflun 10. bekkjar. Árshátíð 8.-10. bekkur kl. 18-19. Ball kl. 20:30-23.

Hrekkjavökulestur

Næstu þrjár vikur, 1.-19. nóvember, stendur yfir hrekkjavökulestrarátak hér í skólanum. Átakið felur í sér að telja mínútur sem nemendur lesa í viku hverri (**virku dagana**), bæði í skólanum og heima. Nemendur fengu skráningarblað þar sem þeir skrá lesturinn.

Átakið er hvatning fyrir nemendur að lesa en einnig keppni á milli árganga og fær sá árgangur sem les flestar mínútur á hverju stigi óvæntan glaðning.



Á döfinni

2.nóvember

Fræðsla í 10. bekk - Sigga Dögg

9. nóvember

8. nóvember

Baráttudagur gegn einelti - vinabekkir vinna saman

9. nóvember

Fræðsla í 6. bekk - ábyrgð og seigla

11. nóvember

Fræðsla í 9. bekk - sjálfsmynd

12. nóvember

Störfin í skólanum - kynning fyrir 3. og 4. bekk

15. nóvember

Fundur í skólaráði

16. nóvember

Dagur íslenskrar tungu

18.-19. nóvember


Árshátíð Síðuskóla

20. nóvember

Dagur mannréttinda barna

22. nóvember

Skipulagsdagur - opið í frístund



Hrekkjavökuböll

Í síðustu viku héldu nemendur í 10. bekk hrekkjavökuböll fyrir 1.-7. bekk.

Mæting var góð og skemmtu nemendur sér vel. Hér má sjá nokkrar myndir.



Starfsáætlun Síðuskóla skólaárið 2021-2022

Starfsáætlun Síðuskóla fyrir skólaárið 2021-2022 hefur nú verið birt á heimasíðu skólans. Grunnskólum ber að birta stefnu sína með tvennum hætti eins og grunnskólalög og aðalnámskrá grunnskóla gera ráð fyrir.



Annars vegar er skólanámskrá og hins vegar starfsáætlun skólans. Starfsáætlunin er unnin í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá og stefnu Akureyrarbæjar í skólamálum. Í henni eru ýmsar upplýsingar um skólann sem eiga erindi við skólasamfélagið og þá aðila sem tengjast skólastarfinu.

[Starfsáætlun Síðuskóla 2021-2022.](#)

Nemendur í 10. bekk í heimsókn í VMA


Í síðustu viku fóru nemendur í 10. bekk í heimsókn í VMA til að kynna sér námsframboð í skólanum. Hér eru nokkrar myndir frá heimsókninni.



Skrímslaverkefni í 1. bekk

Krakkarnir í 1. bekk eru þessa dagana að ljúka skrímslaverkefni þar sem unnið er með bækurnar Litla skrímslið og Stóra skrímslið eftir Áslaugu Jónsdóttur.

Hér eru nokkrar myndir þar sem þau eru að sauma og hanna sitt eigið skrímsli í textílmennt ásamt því að breyta handarfari sínu í skrímsli í myndmennt.





MATSEÐILL SÍÐUSKÓLA

NÓVEMBER 2021

01. nóv	mánudagur	Fiskur í raspi, kartöflur
02. nóv	þriðjudagur	Steiktur kjúklingur, kartöflur
03. nóv	miðvikudagur	Ýsa í karrý, hrísgrjón
04. nóv	fimmtudagur	Lasagne, snittubrauð
05. nóv	föstudagur	Makkarónugrautur
08. nóv	mánudagur	Kjötbollur, pasta
09. nóv	þriðjudagur	Lax, teriyaki, kryddkartöflur
10. nóv	miðvikudagur	Kjúklingur í kornflexraspi, franskar
11. nóv	fimmtudagur	Fiskréttur með blönduðu grænmeti
12. nóv	föstudagur	Súpa og brauð
15. nóv	mánudagur	Plokkfiskur, rúgbrauð
16. nóv	þriðjudagur	Svínasnitsel, kartöflur, smjör
17. nóv	miðvikudagur	Soðinn fiskur, kartöflur
18. nóv	fimmtudagur	Kjúklingapasta
19. nóv	föstudagur	Skyr og brauð
22. nóv	mánudagur	Kjúklingur "indian" hrísgrjón (skipulagsdagur)
23. nóv	þriðjudagur	Fiskur í raspi, kartöflur
24. nóv	miðvikudagur	Pastaréttur
25. nóv	fimmtudagur	Orly fiskur, meðlæti
26. nóv	föstudagur	Kjúklingasúpa
29. nóv	mánudagur	Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð
30. nóv	þriðjudagur	Pítsa

- Boðið er upp á frían hafragraut í morgunmat alla skóladaga -

Gjaldskrá fyrir skólafæði má finna með því að smella [hér](#).

Einkunnarorð í nóvember

Ábyrgð

Regla mánaðarins er:

„Við höfum hendur og fætur hjá okkur“.

